

Föstudaginn 1. október 1999.

Nr. 6/1999.

Erik Magnússon

(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands hf.

(Indriði Þorkelsson hdl.)

Kjarasamningur. Vaktaálag.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. september sl., er höfðað með stefnu þingfestri 17. ágúst 1999.

Málið dæma Kristjana Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediksdóttir, Guðni Á. Haraldsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Erik Magnússon, Álftamýri 34, Reykjavík.

Stefndi er Búnaðarbanki Íslands hf., Hafnarstræti 8, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að viðurkenndur verði sá skilningur stefnanda á ákvæði 2.6.2. í kjarasamningi stefnda við SÍB þar sem segir að „þeir sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum eða vinna hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils skulu fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils“ verði að túlka svo að stefnanda beri fyrir störf sín við húsvörslu á kvöldin og næturnar að fá greitt vaktaálag.

2. Jafnframt að sá skilningur verði viðurkenndur að álagsgreiðslur fyrir húsvörslu beri að miða við ákvæði í gr. 1.4.1. í kjarasamningi um yfirvinnu og greiða álag sem nemur 1% af mánaðarlaunum miðað við þann launaflokk sem viðkomandi starfsmaður tekur laun eftir.

3. Að stefndi, Búnaðarbanki Íslands hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómsins og að tekið verði tillit til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun við ákvörðun málskostnaðar.

Málavextir.

Stefnandi kveðst hafa starfað sem húsvörður hjá Búnaðarbanka Íslands um nokkurra ára skeið, eða allt frá árinu 1993 með nokkrum hléum. Kveður hann húsverði Búnaðarbankans vinna á tvískiptum reglubundnum vöktum, ýmist á kvöldin eða nætur. Að sögn stefnanda líta þeir svo á að þeim beri að fá greitt vaktálag ofan á laun sín og vísa í því sambandi til gr. 2.6.2. í samningi Sambands íslenskra bankamanna (SÍB) við bankann, en slíkt vaktálag hafa þeir ekki fengið greitt og kveður stefnandi þá ítrekað hafa gert athugasemdir þar að lútandi. Fyrst hafi athugasemdum verið beint að starfsmannstjóra bankans, en með bréfi lögmanns stefnanda 29. janúar 1998 hafi erindinu verið vísað til Kjaranefndar SÍB og bankanna, sem eigi samkvæmt ákvæði 14. gr. samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB að fjalla um ágreiningsatriði kjarasamninga.

Með bréfi Vilhelms G. Kristinssonar, framkvæmdastjóra SÍB, dags. 5. mars 1999, var lögmanni stefnanda tilkynnt að Kjaranefnd SÍB og bankanna hefði fjallað um kjaramál starfsmanna sem ynnu við gæslustörf á kvöld- og næturvöktum í bönkum. Niðurstaða nefndarinnar var svohljóðandi:

„Greiða ber 15 klst. í yfirvinnu á mánuði fyrir kvöld- og næturvaktir, skv. gr. 2.6.7. Samkvæmt gr. 1.5.1. fá kvöld- og næturverðir ekki greitt vaktálag.“

Þar sem stefnandi taldi niðurstöðu Kjaranefndar SÍB og bankanna ekki vera í samræmi við ákvæði kjarasamnings var þeirri kröfu beint að stefnda, með bréfi dags. 12. apríl 1999, að hann fengi senda alla launaseðla svo að hann gæti reiknað kröfu sína út. Í stað þess að fá launaseðla senda kveðst stefnandi hafa fengið bréf frá lögfræðingi stefnda, dags. 19. apríl 1999, þar sem fullyrt sé að hann hafi fengið alla launaseðla afhenta. Stefndi hafi því ekki orðið við þeirri sjálfsgöðu beiðni hans að láta honum í té afrit launaseðla sem hann hafi beðið um. Í umræddu bréfi hafi lögfræðingur stefnda jafnframt fullyrt að stefnda hafi ekki verið kunnugt um athugasemdir og óánægju stefnanda um þessa túlkun fyrr en með bréfi lögmannsins í apríl 1999. Bendir stefnandi á að samstarfsmenn stefnanda hafi ítrekað gert athugasemdir við starfsmannstjóra bankans áður en málinu hafi verið vísað til Kjaranefndar SÍB og bankanna. Búnaðarbanki Íslands eigi aðild að Kjaranefnd SÍB og bankanna. Það

sé ekki hlutverk stefnanda að annast upplýsingastreymi milli Kjara- nefndar og Búnaðarbankans.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst höfða mál þetta í eigin nafni með vísan til 2. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem SÍB hafi synjað honum um að reka málið í nafni sambandsins.

Í 2. kafla kjarasamnings aðila sé fjallað um vinnutíma. Þar segi í kafla um dagvinnu gr. 2.1.1.: „Hinn almenni dagvinnutími er frá kl. 9 til 17 mánudaga til föstudaga, að báðum dögum meðtöldum.“ Í kafla 2.6. sé fjallað um vaktavinnu og afbrigðilegan vinnutíma. Þar segi í gr. 2.6.2. að þeir sem vinni á reglubundnum vinnuvöktum eða vinni hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils skuli fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma er falli utan venju- legs dagvinnutímabils. Þótt hvergi sé minnst á næturverði í þessum kafla virðist ekki ágreiningur um það að störf næturvarða séu vaktavinnustörf og fái þeir greitt eftir öðrum ákvæðum þessa kafla kjarasamningsins, svo sem gr. 2.6.7.

Stefnanda sé synjað um greiðslu vaktaálags á grundvelli ákvæðis 1.5.1. í kjarasamningi þar sem ekki sé fjallað um hverjir skuli fá vaktaálag, heldur sé í þeirri grein fjallað um hversu hátt vaktaálag skuli vera. Þar segi að vaktaálag skuli miðast við tiltekinn launa- flokk og vera 33,33% á kvöldin og 45% á nóttunni og um helgar. Einnig segi í ákvæðinu að það eigi ekki við um kvöld- og næturverði né um starfsfólk sem vinni á tímabilinu kl. 12:30-19:15. Undantekn- ingin varðandi næturverði nái einungis til þess vaktaálags sem grein 1.5.1. kveði á um. Undantekningin nær ekki til þeirrar meginreglu sem fram komi í grein 2.6.2. að þeir sem vinni á reglubundnum vinnuvöktum skuli fá vaktaálag.

Það sé almenn regla í vinnurétti að dagvinnukaup sé greitt fyrir vinnu á dagvinnutímabili. Utan dagvinnutímabils sé greitt einhvers konar viðbótarálag, annað hvort einhvers konar vaktaálag eða, ef ekki sé um slíkt samið, þá beri að greiða yfirvinnu fyrir vinnu sem unnin sé utan dagvinnutíma. Kjarasamningur SÍB kveði á um dag- vinnutímabil í gr. 2.1.1. og áfram. Hann kveði einnig á um vaktaálag til vaktavinnufólks í gr. 2.6.2. Kjarasamninginn skorti hins vegar ákvæði um hversu hátt vaktaálag skuli vera til kvöld- og nætur- varða. Með vísan til gr. 1.4.1. og þeirrar framkvæmdar sem tíðkist

um greiðslur fyrir afbrigðilegan vinnutíma samkvæmt kjarasamningum, að ekki sé samið um vaktaálag, sé rétt að líta svo á að greiða beri fyrir þessa vinnu með yfirvinnukaupi, sbr. gr. 1.4.1., þar sem almenna vaktaálagið nái ekki til kvöld- og næturvarða og vinnan sé unnin utan við dagvinnutímabil.

Það brjóti allar meginreglur að ráða fólk til næturvinnu og ætla að greiða því dagvinnukaup. Vísar stefnandi til þeirrar sérstöku verndar sem næturvinnufólki sé fengin í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og nýgerðs samnings aðila vinnumarkaðarins um ákveðna þætti er varði skipulag vinnutíma. Hafi það verið vilji samningsaðila í kjarasamningi SÍB og bankanna að greiða kvöld- og næturvinnufólki dagvinnukaup fyrir vinnu sína hefði slíkt þurft að koma skýrt fram í samningi. Það sé hvergi gert, heldur sé einungis tekið fram í grein um vaktaálag að sú grein eigi ekki við um næturverði.

Því hafi verið haldið fram af stefnda að húsverðir hafi samið í persónulegum ráðningarsamningum um þau kjör sem þeir hafi fengið og því geti þeir ekki gert aðrar kröfur fyrir dómi þótt kjarasamningur kveði á um annað. Hér sé bent á 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í þeirri grein segi:

„Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.“

Stefndi geti því ekki borið fyrir sig ráðningarsamninga einstakra starfsmanna í þessu sambandi þar sem stefnandi telji kjarasamning á sér brotinn.

Enn fremur hafi stefndi bent á að laun húsvarða hafi verið há til að mæta vinnutíma á næturnar. Vegna þessarar fullyrðingar sé rétt að benda á að laun húsvarða hafa verið það lág á undanförunum árum að í samningum í september 1997 hafi þeir fallið innan þess hóps bankamanna sem höfðu lökust kjör og sérstaklega hafi verið tekið á í gr. 1.1.2. í kjarasamningi. Um þetta vísist að öðru leyti til launa-seðla.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir kröfur sínar á því að milli aðila gildi kjarasamningur samninganefndar banka og sparisjóða á Íslandi annars vegar og Sambands íslenskra bankamanna hins vegar. Báðir þessir aðilar séu sammála um túlkun samningsins hvað varði kröfugerð stefnanda, þ.e. að stefnandi eigi ekki þær kröfur á hendur stefnda sem hér eru til umfjöllunar og að enginn réttur hafi verið á honum brotinn.

Stefnandi telji að þar sem hann sé húsvörður og vinni ýmist á kvöldin eða á næturnar, beri honum að fá vaktaálag og vísi í því sambandi til ákvæðis 2.6.2. í kjarasamningi aðila.

Það liggja fyrir í máli þessu að húsvörðum í Búnaðarbanka Íslands hf. hafi ekki verið raðað í sérstaka launaflokka og samkvæmt kjarasamningi aðila, gr. 1.5.1., fái þeir ekki greitt vaktaálag sérstaklega, enda sé vaktaálagið greitt þeim sem vinni dagvinnu auk eftir og/eða næturvinnu eða vaktir. Kjarasamningur aðila geri hins vegar ráð fyrir því að húsvörðum sé bætt það að þeir vinni utan venjulegs dagvinnutíma og sé það gert með ákveðnum hætti, þ.e. að annars vegar sé þeim raðað í hærri launaflokka en þeir ættu í raun rétt á og að auki fái þeir greiddar 15 klst. á mánuði fyrir yfirvinnu fyrir kvöld- og helgarvaktir til viðbótar unnum tímum.

Greiðsla álags á laun vegna kvöld-, nætur- eða vaktavinnu geti verið með mismunandi hætti og verði að telja að sú aðferð sem um sé samið í kjarasamningi aðila sé í fullu samræmi við gildandi meginreglur vinnuréttar. Kjarasamningur aðila geri skírlega ráð fyrir því að þetta sé gert með ákveðnum hætti og hafi stefnandi fengið greitt „álag“ á laun sín vegna vinnu utan dagvinnu.

Það sé samdóma álit beggja aðila kjarasamningsins að launagreiðslur stefnda til stefnanda séu í fullu samræmi við kjarasamning og með vísan til þess sem að framan greini um form þessara greiðslna verði að telja að enginn réttur sé brotinn á stefnanda og að meginreglur vinnuréttar, sem stefnanda sé tíðrætt um í stefnu, séu hafðar í heiðri.

Útreikningi stefnanda á vangreiddum launum stefnanda sé mót-mælt sérstaklega enda ljóst að hann sé byggður á röngum forsendum þar sem það liggja fyrir að stefnandi sé í hærri launaflokki en hann ætti í raun rétt á og sé með þeim hætti tekið tillit til vinnu utan reglulegs dagvinnutíma og útreikningurinn taki heldur ekki tillit til

þeirra yfirvinnutíma sem stefnandi fái greidda til viðbótar unnum tímum.

Stefndi vísar til meginreglna vinnuréttar máli sínu til stuðnings og einkum til kjarasamnings aðila. Þá vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála varðandi kröfu um málskostnað. Þar sem stefndi sé ekki virðisaukaskattskyldur aðili, beri honum nauðsyn á að tekið sé tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

Niðurstaða.

Í máli þessu er um það deilt hvort stefnanda beri réttur til álagsgreiðslna vegna starfa sinna við húsvörslu (kvöld- og næturvörslu) og hvernig ákvarða beri slíkar greiðslur. Telur stefnandi að túlka beri núgildandi kjarasamning aðila svo að stefnanda beri réttur til vaktaálags, sbr. grein 2.6.2. í kjarasamningnum og að vaktaálagið verði ákvarðað sem yfirvinnukaup samkvæmt grein 1.4.1. í kjarasamningnum, enda taki ákvæði um vaktaálag í grein 1.5.1. í kjarasamningnum ekki til kvöld- og næturvarða samkvæmt berum orðum þess ákvæðis og bein ákvæði skorti í kjarasamninginn um ákvörðun vaktaálags kvöld- og næturvarða.

Af hálfu stefnda er á það bent að kjarasamningurinn geri ráð fyrir því að kvöld- og næturvörðum sé bætt það að þeir vinni utan venjulegs vinnutíma. Það hafi verið gert, einkum með röðun í hærri launaflokka en þeir ættu í raun rétt á. Þá vísar stefndi til þess að það sé samdóma álit samningsaðila að laun stefnanda séu í samræmi við ákvæði kjarasamningsins.

Kafli 2.6. í nefndum kjarasamningi fjallar um vaktavinnu og afbrigðilegan vinnutíma. Í grein 2.6.2. segir að þeir sem vinni á reglubundnum vinnuvöktum eða vinni hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils skuli fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma er falli utan venjulegs dagvinnutímabils.

Í grein 1.5.1. í kjarasamningnum er tiltekið hvert skuli vera vaktaálag á einstökum tímum sólarhringsins utan hins almenna dagvinnutíma, svo og um helgar og á stórhátíðum. Í lokamálslið greinarinnar er tekið fram að ákvæðið eigi þó ekki við um kvöld- og næturverði. Öðrum ákvæðum er ekki til að dreifa um vaktaálag í kjarasamningnum. Í grein 2.6.2. er tekið fram að þeir sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum eða vinna hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils skuli fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils. Ekki

verður hjá því komist að skýra báðar þessar greinar kjarasamningsins í samhengi hvor við aðra. Þannig ber þeim, sem grein 2.6.2. tekur til, réttur til vaktaálags eftir fyrirmælum greinar 1.5.1. fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils. Í ljósi þess sem segir í lokamálslið greinar 1.5.1., að ákvæðið eigi ekki við kvöld- eða næturverði, er hins vegar ekki unnt að skýra grein 2.6.2. á þann veg að hún veiti kvöld- eða næturvörðum sérstakan rétt til vaktaálags fyrir störf sín óháð grein 1.5.1. Ekki hefur verið sýnt fram á að slíkur réttur verði byggður á venju eða öðrum reglum í vinnurétti. Þá er fram komið í málinu að krafa stefnanda sé í andstöðu við sameiginlegan skilning aðila kjarasamningsins. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Eriks Magnússonar.

Stefnandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað.
